

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

26. apríl 2018

Umsögn Samtaka frumkvöðla og hugvitsmanna um stefnumótandi byggðaaætlun 2018-2024

Samtök frumkvöðla og hugvitsmanna eru einu almennu hagsmunasamtök landsins á sínu sviði með 212 félagsmenn innan sinna vébanda. SFH gera eftirfarandi athugasemdir við fyrirhugaða áætlun:

Áætlunin er um flest vönduð og vænleg til að þjóna sínum tilgangi; að viðhalda og efla byggð í landinu öllu; ásamt því að jafna aðstöðu til lífsgæða. Ýmislegt mætti um áætlunina segja í ljósi reynslu frumkvöðla og útfrá þeim markmiðum sem SFH vinnur að. Hér verður þó aðeins staðnæmst við eftirfarandi eitt atriði og þess vænst að á því verði gerðar úrbætur:

Kafli IV – Aðgerðaaætlun; B.14 – Fjármagn til nýsköpunar.

Í þessum lið er verkefnismarkmiðið að „auka nýsköpun í dreifðum byggðum“. Þar er um að ræða eitt mikilvægasta markmið áætlunarinnar, sé til framtíðar litið. Því veldur furðu sá skortur á úrræðum sem þarna birtist, og Samtök frumkvöðla og hugvitsmanna gera athugasemdir við það. Þennan kafla hefði þurft að semja í samráði við þá sem hafa reynslu af því að koma nýsköpun í framkvæmd, en óvíska er sú reynsla meiri en meðal félagsmanna SFH og KVENN.

Einu úrræðin sem hér eru lögð fram til að ná markmiðum um aukna nýsköpun í dreifbýli eru nýr útlánaflokkur hjá Byggðastofnun og óljós greiningarvinna Nýsköpunarmiðstöðvarinnar. Gerðar eru athugasemdir við hvort úrræðið fyrir sig:

- a) Nýsköpunarlán Byggðastofnunar. Hér er lagður til kostur sem allajafna nýtist ekki þeim sem eru á byrjunarstigi nýsköpunar, þó hann kunni að vera mikilvægur t.d. til að laða öflug starfandi nýsköpunarfyrirtæki út á land. Nýsköpun á frumstigi þarf fyrst og fremst stuðning í formi styrkja, en hér er hvergi á þá minnst og Byggðastofnun veitir ekki nýsköpunarstyrki að óbreyttu. Frumkvöðull sem er að hefja nýsköpunarverkefni sitt hefur sjaldnast þau veð að bjóða sem Byggðastofnun krefst fyrir sínum lánveitingum. Hér skortir því algerlega tillögur um stuðning við nýsköpun sem sprettur af frumkvæði heimamanna, þó e.t.v. komi þetta stærri aðkomufyrirtækjum til góða.

Hér hefði í staðinn eða jafnframt þurft að taka upp sérstakan flokk styrkja sem beinlínis miða að eflingu nýsköpunar í þágu byggðajöfnunar. Þannig pottur gæti sem best verið á hendi Byggðastofnunar. Nýsköpunarmiðstöð hefur þegar pottinn „átak til atvinnusköpunar“ en bæði er hann getulaus af fjársveldi og að auki er óeðlilegt að Nýsköpunarmiðstöð Íslands sjái um styrkveitingar fyrr en búíð er að gera breytingar á stofnuninni m.a. til að tryggja óhlutdrægni hennar gagnvart frumkvöðlum. Styrkveitingar til nýsköpunar eru almennt á hendi Rannís, en þær eru ekki byggðar á byggðasjónarmiðum sérstaklega. Hugsanlegt væri að koma þar á fót byggðatengdum styrkjaflokki en hann yrði þá að vera með mjög lítilli mótframlagskröfu. Önnur úrræði mætti nota með litlum breytingum. Má í því efni minna á að vegna mistaka Alþingis við lagabreytingar 2014 var Orkusjóði meinað að veita styrki til nýsköpunar í orkuþróun eins og verið hafði; þau mistök þarf Alþingi að leiðrétta.

SFH leggja því til að fyrsta setning liðsins **B.14** hljóði þannig: „**Að auka nýsköpun í atvinnulífi í dreifðum byggðum með sérstökum flokkum styrkja og útlána hjá Byggðastofnun, sem hvetja til nýsköpunar í atvinnulífi og auðvelda frumkvöðlum að koma hugmyndum sínum og verkefnum af hugmynda- og þróunarstigi í framkvæmd**“.

- b) Greining Nýsköpunarmiðstöðvar. Hér virðist gert ráð fyrir að verkefni verði greind hjá Nýsköpunarmiðstöðinni áður en þau koma á borð Byggðastofnunar. Slíkt væri eðlileg ráðstöfun ef NMÍ starfaði með eðlilegum hætti, en sú er alls ekki reyndin. SFH hafa margsinnis gert atuhugasemdir við starfshætti NMÍ, jafnt með ábendingum til Alþingis sem nýsköpunarráðuneytis, auk þess að kvarta til Samkeppniseftirlitsins fyrir hönd félagsmanna. NMÍ getur alls ekki talist óvilhallur aðili meðan stofnunin rekur eigin verkefni og neytir afslmunar til að knésetja smærri frumkvöðla, en þannig starfar NMÍ núna. Dæmi um það eru mörg, og nægir að benda á svar atvinnuvegaráðherra við fyrirspurn Helga Hrafn Gunnarssonar á 145.löggjafarþingi; þingskjal 920-387.mál. Eftir að ráðuneytið hafði leiðrétt fyrstu villandi svörin kom í ljós að NMÍ hlaut 587.816 kr í styrki úr samkeppnissjóðum árin 2007-2015. Með styrkumsóknum í samkeppnissjóði brýtur NMÍ gegn lögum um stofnunina sem segja að hún eigi að aðstoða frumkvöðla við framgang frumkvöðlaverkefna. Þess í stað gengur hún beinlínis gegn hagsmunum frumkvöðla með því að neyta yfirburðastöðu sinnar til að hirða frá þeim styrkfé samkeppnissjóða. Slíkri stofnun geta frumkvöðlar alls ekki treyst, og hafa margir félagsmenn SFH alfarið snúið baki við Nýsköpunarmiðstöð Íslands af þessum sökum. Nýsköpunarmiðstöð Íslands er því að óbreyttu allsendis óhæf til að gegna hlutverki óháðs umsagnar- og greiningaraðila í þessum efnum. Innan Byggðastofnunar er allmikil þekking á málefnum nýsköpunar. Verkefni sem hér um ræðir verða vafalaust af ýmsum toga og eðlilegast er að Byggðastofnun hafi óbundnar hendur með að leita sér ráðgjafar þar sem hún telur henta hverju sinni. SFH býr t.d. að mikilli reynslu og þekkingu á málefnum nýsköpunar, ekki síður en Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Þá er gerð athugasemd við það að ekkert fé er eyrnamerkt þessum aðgerðum, líkt og þó er víðast gert í áætluninni þar sem um nýja útgjaldaliði ríkisins er að ræða. Yfirskrift kaflans er „fjármagn til nýsköpunar“, sem hlýtur að teljast grátbroslegt í þessu tilliti. Ef árangur á að nást þarf verulegt fé í þennan nýja pott, og ekki getur verið ætlunin að Byggðastofnun taki það af sínu rekstrarfé. Betra væri að fella liðinn alfarið niður en hafa hann sem fjárvana og innihaldslaut markmið.

Ef árangur á að nást í nýsköpun verður átak í þeim efnum að vera heildstætt og markvisst. Allar áætlanir og gerðir stjórnvalda verða að vera samhljóða og vel ígrundaðar frá upphafi; byggðastefna er þar alls ekki undanskilin. Hún þarf t.d. að samsvara vel hinni nýju stefnumótun í nýsköpun sem nú er í undirbúningi; sem og nýrri loftslagsáætlun. Vandséð er hvernig unnt er að marka öfluga nýsköpunarstefnu í byggðamálum áður en vinnu er lokið við alhliða stefnumótun í nýsköpun.

Í athugasemdakafla við þessa grein þingsályktunartillögunnar er þeirri spurningu velt upp „hvers vegna einstaklingar og fyrirtæki á landsbyggðinni sækja í minna mæli en aðrir í þann fjárstuðning til nýsköpunar sem til boða stendur...“? Svör í þessum efnum hafa komið fram hjá félagsmönnum SFH. Hjá þeim sem vinna að verklegri nýsköpun er helsta ástæðan skortur á aðstöðu og aðföngum. Ekki þá endilega húsnæðisskortur, heldur erfiðleikar við öflun íhluta og sérhæfðrar þjónustu sem verkefnið kann að krefjast. Slíkt er kostnaðarsamt og umhendis úti á landi. Þar við bætist skortur á samfélagslegri og faglegri hvatningu; vöntun á heppilegum samstarfsaðilum og öðru slíku. Innan SFH hefur oft verið rætt um nauðsyn þess að efna til fundaherferðar um landið með það að markmiði að

Samtök frumkvöðla og hugvitsmanna

Skógarbraut 1104, 235 Reykjanæsbær s. 862 2345 www.nyhuamynd.com info@nyhuamynd.com

hvetja til nýsköpunar og fræða um stuðningsúrræði. Ríkisvaldið hefur þó gert félaginu þetta ókleyft með niðurskurði styrkja til starfseminnar. Þessi einu hagsmunasamtök einstaklinga í nýsköpun á landinu hafa ekki notið fastra framlaga á fjárlögum heldur hafa þau þurft að sækja um árlega af safnliðum ráðuneytis. Þeir styrkir hafa verið skornir niður um helming ár frá ári; frá 1.500.000 niður í 300.000 árið 2017 og á þessu ári fá samtökin ekki neina styrki af opinberu fé; ekki svo mikið sem eina krónu. Allt starf félagsins hefur verið unnið í sjálfböðavinnu og nú þurfa stjórnarmenn auk þess að greiða annan kostnað úr eigin vasa, t.d. aðild að Alþjóðasamtökum hugvitsfólks; rekstur skrifstofu; ráðgjafastarf fyrir frumkvöðla; sýningarhald; fræðslustarf og annað. Svo velta stjórnvöld fyrir sér ástæðum þess að nýsköpun kemst ekki nægjanlega á legg!!

Alþingi hafa ítrekað verið sendar greinargerðir SFH um eitt og annað sem bæta þyrfti í nýsköpunarumhverfinu til að auka skilvirkni þess og verðmætasköpun. Við þeim erindum fást yfirleitt engin viðbrögð. SFH vænta þess því ekki einungis að tillit verði tekið til þeirra athugasemda sem settar eru fram um þessa tillögu; heldur einnig að Alþingi, sem og önnur stjórnvöld, breyti sínu vinnulagi gagnvart samtökunum. Starfsemi landssamtaka frumkvöðla og hugvitsfólks er ekki síður byggðamál en annað í þeirri tillögu sem hér er til umræðu, og því ekki óviðeigandi að athugasemdir í þessa veru komi fram hér.

Virðingarfyllst

Valdimar Össurason, formaður SFH